

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Nestún, deiliskipulag íbúðarbyggðar á Sauðárkróki.

Deiliskipulag nýrrar íbúðarhúsagötu í „Túnahverfi“ gerir ráð fyrir alls 14 nýjum byggingarlóðum fyrir einbýlishús. Nafn götunnar verður Nestún og er gert ráð fyrir 7 lóðum sittvoru megin götu.

Austan götu er gert ráð fyrir tveggja hæða húsum, en einnar hæðar húsum vestan götu. Stærð svæðis er 36.451 m², og er tillagan í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, skilgreint sem ÍB-3.9, og hefur skilgreininguna ÍB 409 í nýju endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem er í skipulagsferli.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. febrúar 2021.

Deplar í Fljótum. Ferðaþjónusta, deiliskipulag.

Deiliskipulagið tekur til um 9,3 ha lands, og er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði (V1-3). Megininntak deiliskipulags tekur til núverandi veiði- og gistihúsa reits A (A1) og stækkunarmöguleika með nýjum reit, A (A2), þar sem gert er ráð fyrir allt að 3.000 m² byggingarmagni samanlagt á báðum reitum. Þá er settur út byggingarreitur (B), þar sem er ætlunin að byggð verði þjónustubygging fyrir ferðamenn allt að 250 m². Einnig eru settir út 2 reitir (C) sem eru ætlaðir til afmörkunar fyrir eldsneytisgeymslur og eldsneytisdælur. Aðkoma að svæðinu er af Ólafsfjarðarvegi.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. febrúar 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 25. maí 2021.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2021